

Alþingi
Erindi nr. P 139/2011
komudagur 12.4.2011



Ráðherra heilbrigðismála Guðbjartur Hannesson
Hafnarhúsinu V/ Tryggvagötu
150 Reykjavík

Heilbrigðisnefnd alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11.04.2011

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Ályktun aðalfundar Félags heilbrigðisritara 11.04.2011

Á aðalfundi Félags heilbrigðisritara 11. apríl 2011 var því fagnað að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Það er af hinu góða að í frumvarpinu séu ákvæði um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.


Varðandi þriðju grein, um hverjar skulu teljast löggiltar heilbrigðisstéttir, vekur athygli okkar að ein af þeim starfsstéttum, sem ekki hafa fengið löggildingu sem heilbrigðisstétt, eru heilbrigðisritarar. Er þar um að ræða skilgreinda fagstétt sem starfar innan heilbrigðiskerfisins.


Félag heilbrigðisritara bendir á að heilbrigðisritari er andlit hvernar stofnunar, fyrsti aðili sem sjúklingar/aðstandendur mæta eða heyra í símleiðis. Heilbrigðisritari er í nánu sambandi við sjúklinga og aðstandendur í daglegum störfum sínum. Heilbrigðisritarar taka daglega á móti sjúklingum, sem leita til sjúkrastofnana og heilsugæslu og skrá niður upplýsingar um þá. Nám heilbrigðisritara er viðurkennt nám. Félag heilbrigðisritara heldur uppi öflugri símenntun sinna félagsmanna í samvinnu við Starfsmennt og LSH. Símenntun stuðlar að framþróun.


Heilbrigðisritarar hafa í mörg ár farið fram á að fá löggildingu á starfsheiti sínu en ekki fengið svör sem skyldi.

Félag heilbrigðisritara ítrekar hér með að það er nauðsynlegt að þessi starfsstétt fái löggildingu og viðurkenningu frá hinu opinbera. Enda er það í samræmi við 1. gr. laganna þar sem segir:
„Markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.“

Virðingarfyllt,
f.h. Félags heilbrigðisritara


Guðriður Guðbjartsd. formaður
Selvað 1, 110 Reykjavík


Anna M. Sampsted varaform.
Barðastaðir 11, 112 Reykjavík


Lovisa Guðmundsdóttir ritari
Seljabraut 40, 109 Reykjavík